

Fig. 1




Fig. 2



Fig. 3





Fig. 4



Fig. 5



Varúð!

LESTU ALLAR NOTKUNARLEIÐBEINGAR VANDLEGA FYRIR NOTKUN. FYLGDU VANDLEGA LEIÐBEINGUM UM ÁFYLLINGU ELDSNEYTIS. EKKI YFIRFYLLA!

- FYLLA VERÐUR HANDAHITARA MED ELDSNEYTI SVO HÆGT SÉ AD NOTA HANN. Notaðu aðeins Zippo Premium kveikjarabensín eða Ronsonol kveikjarabensín. Þetta er tæki sem hægt er að fylla aftur á. Það er ætlað til notkunar aftur og aftur og fylgja verður leiðbeiningum vandlega til að tryggja örugga notkun.
- Handahitarinn getur orðið mjög heitur meðan á notkun stendur. Til að forðast að þú brennir þig eða aðra skaltu alltaf hafa hann í hlífðartaupokanum sem fylgdi með. Ef hann er enn of heitur skal vefja hann inn í viðbótarklút. Þegar hann er tekinn úr hlífðartaupokanum sem fylgir verður handahitarinn mjög heitur þar til eldsneytið er búið. EKKI SNERTA.
- Ekki taka handahitarann úr hlífðartaupokanum sem fylgir eða snerta brennarann þegar hann er heitur. Frekari leiðbeiningar og myndband um hvernig eigi að nota hitarann má sjá á www.zippo.com. Ef þú þarfnast frekari leiðbeininga skaltu hringja í neytendatengsl Zippo í síma 814-368-2700.

Til að forðast lághitabruna húðar skal ekki láta hitarann vera allan tímann á einu svæði líkama þíns. Skiptu ört um staðsetningu. Ekki nota hann á meðan þú sefur. Lághitabruni er brunni af völdum langtímasnertingar við hitagjafa með hitastigi sem er hærra en líkamshiti en ekki nægilega hátt til að valda bruna samstundis. Einkenni geta falid í sér rauða blettir eða blöður á húðinni. Þetta getur orðið án þess að þú vitir af því.

Börn, aldraðir, fatlaðir og þeir sem ekki geta fjartægt handahitarann sjálfir ættu að nota þessa vöru undir eftirliti. Fjarlægðu handahitarann strax af húðinni ef hann verður óþægilega heitur. Ef hann er notaður á rangan hátt, eða ekki í hlífðartaupokanum sem fylgir, hækkar hitastigið, sem getur valdið bruna og varanlegri örmyndun. ADEINS TIL NOTKUNAR ÚTVORTIS.

Ekki setja kveikjarabensín beint í brennarann og kveikja í. Ekki yfirfylla.

Ekki láta eldsneyti handahitarans snerta augu eða munn. Ráðfærðu þig við lækni ef eldsneyti er gleyp. Ekki framkalla uppköst. Til að fá læknisfræðilegar neyðarupplýsingar allan sólarhringinn skal hringja í 1-800-255-3924 í Norður-Ameríku eða + 1-813-248-0585 annarsstaðar í heiminum.

Hvernig á að fylla á

1. Gakktu úr skugga um að handahitarinn sé kaldur viðkomu. Fjarlægðu lokid af handahitaranum, fjarlægðu síðan hvatabrennaeininguna af grunneiningunni með því að halda henni langsum (uppréttri miðað við Zippo-myndmerkid). (Brennaeiningin kann að vera stíf í.) Sjá mynd 1.
2. Helltu Zippo kveikjarabensíni í plastáfyllingarbollann. Ekki hella niður. Sjá mynd 2.
 - Fylltu að neðri línunni fyrir um 6 klukkustunda hita.
 - Fylltu að efri línunni fyrir um 12 klukkustunda hita.
 - Ekki fylla á upp fyrir efri línuna.
3. Helltu síðan hægt og varlega innihaldi áfyllingarbollans yfir hvíta, rakadræga efnið (eins og bómull) gegnum hvatabrennaopinna á húsi handahitarans, um leið og þú heldur handahitaranum í uppréttri stöðu. Sjá mynd 3. Ekki yfirfylla. Yfirfylling veldur bilun, hættu á meiðslum og eldsvoða.
4. Ef áfyllingarstúturinn þrýstir hvíta, rakadræga efninu niður við áfyllingu skal nota tannstöngul eða svipað verkfæri til að ýfa efnið upp að efsta hluta húss handahitarans.
5. Haltu handahitaranum uppréttum, settu hvatabrennaeininguna varlega aftur á og gakktu úr skugga um að hún sitji rétt.
6. Þurrkaðu varlega allt umfram kveikjarabensín af hliðum handahitarans og leyfðu umframeldsneyti að gufa upp áður en þú kveikir á honum.
7. Gættu þess að eldsneytisbrúsin sé lokaður og að ekkert niðurbrennt eldsneyti sé í nágrenninu áður en kveikt er. Eldsneyti er eldfimt.
8. Láttu handahitarann standa í uppréttri stöðu í að minnsta kosti tvær mínútur áður en þú kveikir á honum til að leyfa eldsneytinu að dreifast til fulls um rakadræga efnið og verða tiltækt fyrir hvatabrennarann.

9. Ekki leggja handahitarann niður eftir áfyllingu og áður en þú kveikir á honum. Ef hann er lagður niður getur fljótandi eldsneyti komist inn í hvatabrennarann, sem getur valdið miklum loga þegar kveikt er á honum. Ef sýnilegur logi birtist verður að slökkva hann. Oftast er auðveldlega hægt að blása á alla loga, en sýna skal ítrustu aðgát og varúð. Ef nauðsynlegt er skal setja handahitarann á eldfastan flöt og leyfa loganum að brenna upp eða slökkva hann á öruggan hátt.

10. Ekki er víst að handahitari virki eins lengi og lýst er yfir í kjölfar upphaflegrar áfyllingar og kveikingar vegna „tilkeyrslu“-ferlis hvatabrennara og rakadræga efnisins.

Hvernig á að kveikja

- A. Taktu lokid af handahitaranum og haltu grunneiningunni uppréttri í annarri hendi og berðu eld af hvatabrennaeiningunni í 10 sekúndur með hinni hendinni. Sjá mynd 4. Það kann að taka lengri tíma en búist var við að kveikja á hitarannum í fyrsta skipti eftir upphaflega áfyllingu og útheimta að logi sé borinn að oftan en einu sinni. Logi getur komið frá Zippo-kveikjara, útikveikjara, eða eldspýtu. Fylgdu notkunarleiddbeiningum ákveiktækisins. Haltu höndum og fatnaði frá öllum logum. Handahitarinn hitar með hvataferli. Það er enginn logi til staðar eftir kveikingu. Logi eftir kveikingu gefur til kynna yfirfyllingu. Slökktu logann og leyfðu umframeldsneyti að gufa upp áður en þú reynir að kveikja aftur.
- B. Þegar staðfest hefur verið að kviknað hafi á handahitaranum án loga skal setja lokid á hann aftur og setja hann síðan ofan í hlífðartaupokann sem fylgir með. Sjá mynd 5. Alltaf verður að setja handahitarann í hlífðartaupokann sem fylgir til að koma í veg fyrir að hann ofhitni. Zippo handahitarinn þinn veitir nú þægilega hlýju í margar klukkustundir. Eftir kveikingu er hiti veittur með hvataferli, án loga.
- C. Eftir að kveikt hefur verið er engin örugg leið til að stöðva hitunaraðgerðina. Ef nauðsyn krefur skal setja handahitarann í hlífðartaupokann sem fylgir með og setja hann á eldfastan flöt þar til eldsneytið er uppurid og handahitarinn er kaldur viðkomu.

Hvatabrennari er eyðanlegur. Brennari getur endst í langan tíma, en það fer eftir hvernig hann er notaður og tímalengd notkunar. Endurnýjadu reglulega. Engin ábyrgð er á honum.

Ef þú átt í einhverjum erfiðleikum með að nota handahitarann þinn, ekki skila honum aftur í verslunina. Í staðinn ættu neytendur í Bandaríkjunum að hafa samband við neytendatengsl Zippo í síma 814-368-2700 til að fá frekari upplýsingar, eða senda handahitarann, með flutningi á láði (vegna reglugerða stjórnvalda), á heimilisfangið sem skráð er að neðan.

Neytendur utan Bandaríkjanna ættu að hafa samband við dreifingaraðila á staðnum. Þú ættir ekki undir neinum kringumstæðum að senda handahitara í pósti til Zippo. Vinsamlegast fylgdu ráðleggingum staðbundna dreifingaraðilans í þínu landi. Sjá upptalningu.

Ábyrgð fyrir Zippo handahitara

Ef þessi handahitari virkar ekki á fullnægjandi hátt innan 24 ára frá kaupdegi vegna galla í efni og/edá handverki, vinsamlegast skilaðu honum til Zippo til viðgerðar eða endurnýjunar, samkvæmt ákvörðun okkar. Endurnýja verður hvatabrennaeininguna reglulega og hún er ekki í ábyrgð. Ekki er tekin ábyrgð á áferðinni. Þessi ábyrgð veitir þér tiltekin lagaleg réttindi sem gilda samhliða lögskipuðum réttindum þínum án þess að hafa áhrif á þau. Notkun eldsneytis frá öðrum en Zippo gerir ábyrgðina ógildanlega. Hægt er að fá brennaeiningar eða poka til endurnýjunar hjá Zippo. **Fyrir ábyrgðarþjónustu skaltu skila handahitaranum með sönnun fyrir kaupum.**

Til að fá upplýsingar um vöru eða viðgerðir, sjá aðallista yfir umboðsaðila til að finna staðbundna umboðsaðilann í þínu landi.